

Skólaráðsfundur 28. apríl 2016

Mættir: Þrúður, Anna Kristín, Bryndís María, Eva Brá, Freyja, Kristín, Róbert og Þórunn.

Ágústa og Ólafía boðuðu forföll.

1. Niðurstöður kannanna Skólapúlsins meðal foreldra leik- og grunnskólabarna kynntar af Þrúði. Niðurstöðurnar voru mjög góðar, sem og ábendingarnar sem unnið verður með í skólanum.
2. Kannanir Skólapúlsins meðal starfsmanna leik- og grunnskóla kynntar. Þrúður fór yfir vísbendingar sem vinna þarf meira með. Úrbætur og dæmi rædd, m.a. um einelti á vinnustöðum.
3. Þrúður lagði fram breytingu sem óskað verður eftir að fari fyrir bæjarráð vegna fjölgunar barna, sérstaklega í yngri hópnum. Breyting kallar á aukið fjármagn frá fjárhagsáætlun 2016.
4. Rædd var aðlögun yngstu barnanna og vandi sem hefur skapast við hana. Anna og Freyja sögðu frá sinni reynslu. Málið verður skoðað nánar og tekið upp af Þrúði með viðkomandi starfsmönnum.

Skráð af Þrúði.